



Umhverfis- og skipulagssvið
Höfðatorg - Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Starmýri – deiliskipulag – breyting

Á fundi borgarstjórnar þann 21. júní 2022 var 15. liður fundargerðar borgarráðs frá 5. maí 2022; Starmýri – deiliskipulag – breyting, samþykktur með 14 atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata, Viðreisnar og Vinstri grænna.

Það tilkynnist hér með.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Sósíalístaflokks Íslands og Flokks fólksins sátu hjá við afgreiðslu málsins.

Borgarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun undir 15. lið fundargerðar borgarráðs frá 5. maí:

Liður 15, Starmýri 2: Samþykkja á mál sem hefur valdið uppnámi meðal íbúa hverfisins m.a. vegna aukins skuggavarps, umferðar vegna stækkunar verslunarhúsnæðis og öryggi gangandi vegfarenda. Farið er offari í þéttingu byggðar í þessu gróna hverfi. Bæta á fjórðu hæðinni ofan á helming þakflatar þriggja hæða fjölbýlishúss sem nú er í byggingu. Þessu hefur verið mótmælt af flestum íbúum í götunni fyrir tveimur árum. Skorað er á skipulagsyfirvöld að vinna þetta mál með íbúum.

Helga Björk Laxdal
e.u.